



## HLUTVERK RANNSÓKNANEFNDAR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

Í samræmi við [Stjórnskipulag Reykjavík Akadémíunnar](#) sem samþykkt var 11. júní 2024 getur stjórn RA skipað fastar nefndir (starfsnefndir) til þess að hafa yfirsýn yfir og umsjón með ákveðnum og vel skilgreindum málum og þannig léttu störf stjórnar og víkka grundvöll ákvarðanna hennar. Einnig að upplýsa stjórn ef ákvarðanir hennar á viðkomandi sviði þarfnast endurskoðunar.

Það er nauðsynlegt að stjórn afmarki vel hlutverk starfsnefndar og að að minnsta kosti einn stjórnarmaður sitji í nefndinni og tryggi upplýsingaflæði til stjórnar Akadémíunnar.

### RANNSÓKNARNEFND

Stjórn Reykjavík Akadémíunnar hefur ákveðið að setja á fót Rannsóknarnefnd Reykjavík Akadémíunnar sem hefur þann tilgang að aðstoða stjórn við að efla rannsóknir og nýsköpun við stofnunina; stuðla að því að starfsemi stofnunarinnar þróist í takt við umhverfi rannsókna og nýsköpunar og að stofnunin standi þétt að baki fræðafólki sem starfar utan háskólanna m.a. með góðri rannsóknþjónustu og aðstöðu.

Hlutverk Rannsóknarnefndar er að vanda umræðu og ákvörðunartöku stjórnar RA fyrir umræður um rannsóknir og nýsköpun til lengri tíma. Helstu verkefni Rannsóknarnefndar eru að fjalla um og undirbúa umræðu stjórnar um stefnu stofnunarinnar á sviði rannsókna og nýsköpunar, ræktun rannsóknahópa við RA og stuðning við vísindamenn. Einnig að aðstoða við tengsl RA við aðrar rannsóknastofnanir og eflingu RA sem vettvangs samstarfsverkefna.

Nefndin skal m.a. fjalla um stöðu fræðafólks utan háskólanna og Reykjavík Akadémíunnar og þær áskoranir og tækifæri sem snertir rannsóknir og þróun.

Nefndin er skipuð af stjórn Reykjavík Akadémíunnar til 3ja ára í senn og starfar hún í umboði kemur saman eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Rannsóknarnefndin starfar í umboði stjórnar Reykjavík Akadémíunnar og er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru af stjórn RA. Þar á meðal er formaður stjórnar RA sem situr í nefndinni í krafti sinnar stöðu og er formaður nefndarinnar. Formaður sér um að leggja niðurstöður og tillögur nefndarinnar fyrir stjórn RA til umræðu og ákvörðunar.

Framkvæmdastjóri er ritari nefndarinnar og sér um ritun fundargerða og tillögum framtíðarnefndar.

Samþykkt af stjórn Reykjavík Akadémíunnar 4. desember 2024